

Alþingi
Erindi nr. *p* 136/1384
komudagur 20.3.2009

Allsherjarnefnd Alþingis,
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara,
og Árna Páls Árnasonar, formanns,
Nefndasvið,
150 Reykjavík.

20. mars 2009

Varðar: Frumvarp til breytinga á skaðabótalögum (438. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vilja koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til breytinga á skaðabótalögum sem birt hefur verið á heimasíðu Alþingis (438. mál, þingskjal 747). Samkvæmt frumvarpinu er lögð til sú breyting á frádráttarreglu 4. mgr. 5. gr. laganna að í stað orðanna „*greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum*“ komi „*eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, sbr. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 100/2007*“. Þá er lagt til að við 1. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna bætist orðin „*án frádráttar*“. Loks er gert ráð fyrir því að *lögin öðlist þegar gildi*.

Rétt er að áréttta að SFF telja að fullt tilefni sé til endurskoðunar á ákvæðum skaðabótalaga. SFF hafa hins vegar miklar áhyggjur af því að löggjöf sem hefur veruleg áhrif á fjárhæð bótagreiðslna samkvæmt skaðabótalögum sé sett í slíkum flýti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Það skiptir miklu máli fyrir samfélagið í heild sinni að vandað sé til breytinga á löggjöf á sviði skaðabótaréttar. Löggjöfin þarf að vera skýr, kerfið skilvirkt og gagnsætt og sátt þarf að ríkja um breytingarnar. Einnig er mikilvægt að tryggja jafnræði tjónþola, en hætta er á myndun ójafnræðis og óréttlætis ef ráðist er í breytingar á skaðabótalögum án nægilegrar skoðunar. Rökstuðningur slíkra breytinga þarf að vera skýr. SFF hafa þegar komið þessum sjónarmiðum á framfæri við allsherjarnefnd á fundi hinn 16. mars s.l.

Um 1. gr. frumvarpsins

Skaðabótalögin hafa að geyma aðferðafræði um hvernig skuli reikna út bætur fyrir líkamstjón, hverjir eigi að greiða tilteknar bætur og með hvaða hætti þær skulu greiddar. Með breytingum sem gerðar voru á skaðabótalögum árið 1999 var horfið frá þeirri stöðlun bóta sem verið hafði í lögunum frá gildistöku þeirra. Núgildandi kerfi byggir á því markmiði að nálgast eins og hægt er raunverulegt fjártjón hvers og eins tjónþola með nákvæmu stuðlaverki sem segir til um hvernig

reikna skuli heildartjón tjónþola og hvernig skuli bregðast við þegar sama tjón er bætt af fleiri en einum aðila.

Íslensk skaðabótalög hafa frá upphafi miðað við að bætur af félagslegum toga komi ekki til viðbótar við fullar bætur. Í lögnum frá 1993 var stuðullinn vegna útreiknings á varanlegri örorku lágur vegna þess að ekki var gert ráð fyrir því að neinn frádráttur yrði frá skaðabótum vegna greiðslna frá t.d. almannatryggingum. Þegar lögin breyttust árið 1999 hækkaði stuðullinn verulega enda var þá gert ráð fyrir frádrætti vegna félagslegra bóta.

Reikniverk skaðabótalaga hefur það markmið að bætur fyrir varanlega fjárhagslega örorku taki eingöngu til raunverulegs heildarfjártjóns tjónþola af völdum skaðabótaskylds atviks og gerir því ráð fyrir frádrætti bótagreiðslna úr öðrum stoðum bótaréttarins. Því til viðbótar koma þjáningarbætur og bætur fyrir varanlegan miska.

Við endurskoðun uppgjorsreglna skaðabótalaga þarf að skoða í samhengi stuðlaverk laganna og frádráttarreglurnar. SFF leggja eindregið gegn því að skaðabótalögum verði einungis breytt að því leyti að frádráttarregla 4. mgr. 5. gr. breytist eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Breytingar þær á frádráttarreglum laganna sem allsherjarnefnd leggur til verða til þess að skaðabótalög fjarlægjast það yfirlýsta markmið skaðabótaréttar og grundvallarreglu hans að tryggja að tjónþolar skuli vera fjárhagslega eins settir og hið bótaskylda tjón hafi ekki orðið. Verulegar líkur eru á því að margir tjónþolar fái mun hærri bætur en fjárhagslegt tjón þeirra er raunverulega, verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Um 2. gr. frumvarpsins

Fullyrt er í greinargerð með frumvarpinu að með breytingu á skaðabótalögum 1999 hafi bætur til eftirlifandi maka verið lækkaðar verulega. Ekki liggja fyrir gögn eða útreikningar sem sýna fram á að þessi fullyrðing standist í öllum málum.

Gagnrýni á ákvæði 13. gr. skaðabótalaga um bætur til eftirlifandi maka eða sambúðarmaka hefur einkum snúist um aðferðafræðina við ákvörðun bótafjárhæðar. SFF taka undir að sú aðferðafræði við útreikning bóta sem byggt er á í 13. gr. nógildandi laga sé óheppileg. Æskilegt er að sú regla sé einfölduð, sérstaklega þar sem ekki er um að ræða nákvæmt mat á raunverulegu fjárhagslegu tjóni eftirlifandi maka. Ímyndaðar bætur frá almannatryggingum og líffeyrissjóðum koma ekki raunverulega til frádráttar ímynduðum bótum til hins látna heldur er um að ræða tiltekna aðferðafræði við útreikning á bótum til eftirlifandi maka.

Ljóst er að breytingatillaga frumvarpsins mun að óbreyttu leiða til verulegrar hækkunar á bótafjárhæðum. Í því sambandi skal bent á að orðalag 13. gr frumvarpsins, þ.e. að bæta inn orðunum „án frádráttar“, er alls ekki nægilega skýrt. Ekki verður séð að nein umfjöllun hafi farið fram um t.d. áhrif þess á frádrátt annarra greiðslna en bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga, svo sem bóta úr slysatryggingu launþega. Þetta er til þess fallið að valda ágreiningi og þarfnast nánari skoðunar.

Um 3. gr. frumvarpsins

Þær breytingar sem löggin hafa í för með sér hafa mjög mikil áhrif á fjárhæð bóta fyrir alvarleg líkamstjón þar sem bætur eru ákvarðaðar samkvæmt skaðabótalögum, þ.e. í ökutækja-tryggingum, frjálsum ábyrgðartryggingum og slysatryggingu sjómanna.

SFF leggja áherslu á að gildistökuákvæði laganna verði skýrt. Lagt er til að litið verði til gildistökuákvæðis laga nr. 37/1999, sem kváðu með ótvíræðum hætti á um að löggin giltu um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til bótaskylds atviks eftir gildistöku laganna. Jafnframt hlýtur að teljast eðlilegt að lágmarks umþóttunartími líði frá því löggin eru samþykkt þar til þau taka gildi, sbr. t.d. við gildistöku laga nr. 37/1999. Í því sambandi má benda á að váttryggingarsamningar eru almennt gerðir til eins árs í senn. Verði frumvarpið að lögum með svo skömmum fyrirvara sem gert er ráð fyrir hefur það áhrif á forsendur gildandi váttryggingarsamninga og leiðir til þess að áhætta váttryggingafélaga í tilteknum váttryggingagreinum eykst án þess að þau eigi þess kost að bregðast við því fyrr en eftir á.

F.h. SFF,



Helga Jónsdóttir hdl.